

## G j ö l d :

1. Námsstyrkur til tveggja nemenda Húsmæðrakennarskóla Ísl. . .	kr.	4 000.00
2. Eign sjóðsins 1. janúar 1969:		
a. Í Landsbankanum, viðskb. nr. 5470 . . . . .	kr.	117 235.04
b. Í Útvegsbankanum, bankab. nr. 10081 . . . . .	—	85.77
		<hr/>
		— 117 350.81
		<hr/>
		Kr. 121 350.81

Reykjavík, 17. janúar 1969.

**Ragnheiður Jónsdóttir.**

Við undirritaðar höfum í dag farið yfir reikning sjóðsins ásamt tilheyrandi fylgiskjölum og höfum ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 31. janúar 1969.

*Anna Gísladóttir. Guðrún Markúsdóttir.*

8. ágúst 1969.

Nr. 158.

## AUGLÝSING

**um gjald fyrir afnot stöðu- og stöðumælareita  
í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Frá og með 12. ágúst n. k. verður gjald fyrir afnot stöðumælareita í Austurstræti, Bankastræti og Hafnarstræti, fimm krónur fyrir hverjar byrjaðar 15 mínútur.
2. Settur verður upp miðasjálfsali á bifreiðastæðið að Austurstræti 2. Gjald fyrir stöðureit verður fimm krónur fyrir hverjar byrjaðar 30 mínútur.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 8. ágúst 1969.*

**Sigurjón Sigurðsson.**